

1941

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 270/1992. **Guðmundur Magnússon**

gegn

Íslandsbanka hf.,

Landsbanka Íslands,

Shell Chemical International Co. Ltd.,

Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags

Íslands,

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,

Búnaðarbanka Íslands og

Hoechst Danmarks A/S.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. júní 1992. Áfrýjað var öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór 29. maí 1992 á fasteigninni Dalbraut 2 á Akranesi. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði með eða án heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna dæmd ógild og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans á Akranesi, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 8. júlí sl. með bréfi sýslumannsins á Akranesi 6. sama mánaðar. Með bréfi sýslumannsins á Akranesi 28. september sl. var aðilum málsins tilkynnt, að skjölin hefðu verið send Hæstarétti. Með símskeyti 8. október sl. var sóknaraðila veittur lokafrestur til 12. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknar-

1942

aðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
